

35. Brjef dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins 1855.
um fæðiseyri fanga. 6. júlí.

Með brjefi þessu auglýsist herra stiptamt. til frekari ráðstöfunar, að stjórnin gefur yður vald til, samkvæmt uppástungu yðar í brjefi 29. marz næstliðinn, að veita fangaverðinum í Reykjavík fyrst um sinn fyrir fæði og umönnun á föngunum 24 til 32 skildinga dag hvern, að tiltölu eptir verðinu á matvælum og einkum eptir því, hvað verðlag á brauði hækkar eða lækkar.

36. Brjef innanríkisstjórnarinnar til stiptamtmannsins 6. júlí.
og amtmannanna á Íslandi um rannsókn á óeyrð-
um útlendra fiskimanna.

Utanríkisstjórnin hefur tilkynnt þessu stjórnarráði, að svo væri til ætlað að rannsókn sú, er stjórn Breta ætlaði að gjöra í fyrra, en sem þá var skotið á frest, um ótilhlýðilegt framferði írskra og enskra fiskimanna við Ísland, er hin danska stjórn hafði kvartað yfir, verði gjörð á yfir standandi sumri.

Um leið og stjórnin í sambandi við brjef sín 30. ágúst og 25. desember f. á. skýrir herra stiptamtmanninum (amtmannum) frá áður sögðu til vitundar og nauðsynlegra aðgjörða, bið jeg yður að sjá um, ef að rannsókn þessi verður gjörð, að hinar aðrar umkvartanir, er leiða hafa kunnað af háttalagi þessara fiskimanna, verði einnig fram fluttar.

37. Brjef innanríkisstjórnarinnar til stiptamtmannsins 6. júlí.
um skilning á verzlunarlögunum 15. apríl 1854.

Sú fyrirspurn hefur verið lögð fyrir amtið, hvort að útlend skip, er innlendir kaupmenn hafa tekið á leigu, sem eiga verzlun í hinum löggildu kauptúnnum, geti farið beinlínis á þessa kaup-